

Öryggisblað

- 01. Vörunafn:** **Lytol**
- Framleiðandi:** Sámur Sápugerð ehf
Lyngás 11
210 Garðabæ
Sími: 517-9303
e-mail binni@samur.is
- Innihaldsupplýsingar:** Lytol inniheldur eftirfarandi efni, sem falla undir reglugerð 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð hættulegra efna og vörutegundir, sem innihalda slík efni.
- | <u>Efni:</u> | <u>Varnaðarmerki</u> | <u>H setn.</u> | <u>V. setn.</u> |
|------------------------|----------------------|----------------|-----------------|
| Natríumhýpóklórit > 5% | C (ertandi) | H 31/34 | 2-26 |
- Lytol flokkast því samkvæmt reglugerð sem:* *Ertir augu og húð. Berist efnið í augu þá skolið strax með miklu vatni og leitið lækni. Geymist þar sem börn ná ekki til.*
- 03. Heilsuhætta vegna notkunar.**
- Inntaka: Veldur ætingu í munni, koki, vélinda og maga.
Húð: Snerting við húð veldur ertingu.
Augu: Slettur í augum valda sviða og ætingu.
- 04. Skyndihjálp.**
- Innöndun: Ferskt loft. Skolið nef og munnhol með vatni. Leitið lækni.
Inntaka: Gefið strax nokkur glös af mjólk eða vatni ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið **ekki** uppsölur! Strax á sjúkrahús.
Húð: Slettur á húð ber að skola af með vatni.
Augu: Slettur í augu ber að skola strax með miklu vatni og leita lækni.
- 05. Aðgerðir við bruna.**
- Almennt: Við bruna er hægt að nota allar tegundir slökkviefna.
Forvarnir: Ílát í nánd við eld fjarlægð eða kæld með vatni.
- 06. Varnaraðgerðir við leka.**
- Persónur: Gæta þess að efnið komist ekki í snertingu við húð og augu.
Umhverfis: Við mikinn leka ber að binda efnið með sandi, sagi eða kísilgúr til að hindra að það berist út í umhverfið. Setja í lokað ílát og merkja með innihaldi. Senda síðan til förgunar skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994.
Við lítinn leka er best að skola efninu í niðurfall með miklu vatni.
- 07. Meðhöndlun.**
- Almennt: Notið gúmmíhanska og viðeigandi fatnað við notkun á efninu.
Geymsla: Geymist þar sem börn ná ekki til, Geymið á dimmum stað og fjarri súrum efnum. Geymslupól er eitt ár frá framleiðsludegi. Geymist við 5-20 °C.

Öryggisblað

08. Persónuvarnir/mengun.

Almennt: Notið gúmmíhanska, gleraugu og viðeigandi fatnað við notkun á efninu.

09. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Útlit: Tær vökvi.
Lykt: Dauf klórlykt
Sýrustig: Óþynnt pH 13,2, í 10% lausn pH 12,2 og pH 11,2 í 1% þynningu.
Suðumark: U.þ.b. 100°C.
Bræðslumark: < 0°C.
Blossamark: Ekkert.
Eðlisþyngd 1,09 kg/ltr.
Leysanleiki: Blandast vatni í öllum hlutföllum.
Þykkt: U.þ.b. sama og vatns.

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Stöðuleiki Varan er stöðug við tilætlaða notkun
Aðstæður sem ber að forðast Hita

11. Eiturefnaupplýsingar.

Erting Ertir augu og húð. Getur ert öndurnarfæri
Ofnæmi Ekki þekkt fyrir vöruna sjálfa, en hún inniheldur engin ofnæmisvaldandi hráefni

12. Umhverfisupplýsingar.

Lytol inniheldur efni, sem eru auðleysanleg í vatni, brotna hratt niður (> 90% á 28 dögum) og inniheldur engin efni sem safnast fyrir í sjávarlífverum. Hættumörk fyrir sjávarlífverur eru: Fyrir Daphnia EC₅₀ >10 ppm og Regnbogasilung er LC₅₀ > 100 ppm (magn yfirfært og umreiknað frá hráefnum).

13. Sorplosun.

Tómar umbúðir, sem ekki er greitt skilagjald fyrir, skal farga skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994. Gallaða vöru skal senda aftur til framleiðanda.

14. Flutningur.

Á landi: ADR: Ekki flokkað.
Á sjó: IMDG-kóði: Ekkert.

15. Upplýsingar um lög og reglugerðir.

Lög nr.: 1027/2005 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
Reglugerðir nr.: 154/1999 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum. 737/2003 um efnanotkun á vinnustöðum. 521/1994 um þvotta- og hreingerningaefni. 48/1994 um mengunarvarnir. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni:
Varnaðarmerki: Xi (Ertandi)
Hættu- og varnaðarsetningar: Ertir augu og húð. Berist efnið í augu þá skolið strax með miklu vatni og leitið lækni. Geymist þar sem börn ná ekki til.

16. Dags./útgáfa: 06.12.2002

Sámur Sápugerð ehf

